

**Lárus Kjartansson skrásetti
Prentlausnir prentaði**

Efnisyfirlit

Skýrsla Glímusambands Íslands	bls.
Símaskrá GLÍ	3
Dómaratal	5
Skýrsla stjórnar GLÍ	6
Skýrslur nefnda GLÍ	25
Skýrsla Glímudómarafélags Íslands	30
Reikningar GLÍ 2005	31

Glímuárbók	bls.
Landsmót GLÍ	33
Landsmót UMFÍ	74
Reykjavík	75
Vestfirðir	82
Austurland	84
Suðurland	85
Suðurnes	95

Símaskrá GLÍ

Arngeir Friðriksson	Helgastöðum	641 Húsavík	464-3127 897-3127
Arngrímur Geirsson	Skútustöðum	660 Reykjahlíð	464-4203 464-4279
Árni S Unnsteinsson	Markarflöt 23	210 Garðabær	554-0850 893-9091
Ásgeir Víglundsson	Hagamelur 34	107 Reykjavík	551-5287 866-1587
Daði Lange Friðriksson	Skútahrauni 15	660 Mývatn	894-4215
Einar K Jónsson	Gullsmára 5	201 Kópavogur	553-4242 660-5366
Eva Dröfn Ólafsdóttir	Sólvallagötu 24	101 Reykjavík	865-7831
Garðar Erlendsson	Réttarbakka 1	109 Reykjavík	557-8884 587-6666
Gunnar Þ. Brynjarsson	Baldursheimi 1	660 Reykjahlíð	464-4297 848-7597
Hafsteinn Kristinsson	Þverlæk, Holtum	851 Hella	848-8110
Halldór Óli Kjartansson	Hagamel 31	107 Reykjavík	849-5973
Helgi Bjarnason	Geitlandi 10	108 Reykjavík	587-1904 891-9019
Helgi Kjartansson	Dalbraut 2	801 Selfoss	486-8920 898-1552
Hjörleifur Sigurðsson	Grænavatni IV	660 Reykjahlíð	464-4340 854-8740
Hörður Gunnarsson	Box 1040	121 Reykjavík	555-0517 867-6552
Inga Gerða Pétursdóttir	Hamrastíg 37	600 Akureyri	462-3328 867-3928
Ingibergur J. Sigurðsson	Þórðarsveig 21	113 Reykjavík	554-6922 863-5950
Jóhanna G. Magnúsdóttir	Hnjúki	541 Blönduós	868-9695
Jóhann Pálmason	Hlíð	371 Búðardalur	434-1384 853-9606
Jón Birgir Valsson	Háaleitisbraut 111	108 Reykjavík	554-3399 699-0019
Jón E Haraldsson (Lambi)	Hafnarstræti 2	600 Akureyri	462-6494 867-1875
Jón M Ívarsson	Starengi 48	112 Reykjavík	557-2780 861-6678
Kjartan Lárusson	Feney	840 Laugarvatn	486-1222 898-8902
Kristinn Guðnason	Þverlæk, Holtum	851 Hella	487-6524 861-6524
Kristján Yngvason	Blesugróf 6	108 Reykjavík	564-1586 693-7005
Lárus Kjartansson	Njörvasund 23	104 Reykjavík	552-0911 699-4532
Orrí Björnsson	Hringbraut JM	220 Hafnarfjörður	699-5099
Ólafur H. Kristjánsson	Sléttahraun 34	220 Hafnarfjörður	555-0811 899-3266
Ólafur Elí Magnússon	Hvolsvegi 7	860 Hvolsvelli	487-8692 487-8607
Ólafur Haukur Ólafsson	Sólvallagötu 24	101 Reykjavík	551-9438 892-1597
Ólafur Gunnarsson	Hæðargerði 7	730 Reyðarfjörður	690-3359 555-2088
Ólafur Oddur Sigurðsson	Furugrund 7	800 Selfoss	893 3707
Óttar Óttarsson	Miðleiti 5	103 Reykjavík	568 3738 865-4143
Pétur Eyþórsson	Ljósuvík 30	112 Reykjavík	562-5255 863-0560
Pétur Yngvason	Hamrastíg 37	600 Akureyri	462-3328 861-8859
Pétur Þórir Gunnarsson	Baldursheimi 1	660 Reykjahlíð	866-2876
Rögnvaldur Ólafsson	Pósthólf 303	121 Reykjavík	696-3596
Sabína S. Halldórsdóttir	Vesturbergi 25	111 Reykjavík	898-2279
Sigmundur Stefánsson	Logafold 163	112 Reykjavík	567-6476 898-6476
Sigurjón Leifsson	Jöklaseli 9	109 Reykjavík	557-2896 855-3001
Soffía Björnsdóttir	Skútustöðum	660 Reykjahlíð	867-7909
Stefán Geirsson	Gerðum	801 Selfoss	486-3393 867-6907
Svana H. Jóhannsdóttir	Hlíð	371 Búðardalur	434-1384 849-3097
Valgeir Halldórsson	Grettisgata 69	101 Reykjavík	551-5338 659-5033
Þorvaldur Þorsteinsson	Torfufelli 38	111 Reykjavík	557-4037 891-6137
Þóroddur Helgason	Stekkjargrund 2	730 Reyðarfjörður	474-1344 474-1247

Erlendir glímumenn

Lars Magnar Enoksen	Malmö	0046-40939412	0046-708100344
Olaf Johansson	Stokkhólmi	0046-704726807	
Tom Jersø	Kaupmannahöfn	+45 3312 0232	+45 2144 1052
Andress Kools	Eindhoven	+31 6 24807069	0031-648774997

Sambandsaðilar GLÍ

ÍBR	Engjavegi 6	104 Reykjavík	535-3700
UDN	Miðbraut 8	370 Búðardalur	434-1428
HSP	Laugar	650 Laugar	464-3107
UÍA	Miðvangi 2 - 4	700 Egilsstaðir	471-1353
HSK	Engjavegi 44	800 Selfoss	482-1189
HSV	Hrannargötu 2	400 Ísafjörður	456-5434
ÍBA	Íþróttahöllinni	600 Akureyri	462-1202
UMSB	Borgarbraut 61	310 Borgarnes	437-1411
ÍSÍ	Engjavegi 6	104 Reykjavík	514-4000
UMFÍ	Fellsmúla 26	108 Reykjavík	568-2929
GLÍ	Engjavegi 6	104 Reykjavík	514-4064

Póstlisti GLÍ

Einar K Jónsson	einarj@vis.is
Garðar Erlendsson	gardar13@visir.is
Gunnar Brynjarsson	gunnarbr@mi.is
Halldór Óli Kjartansson	vma222036@vma.is
Helgi Kjartansson	helgikj@ismennt.is
Hermann Nielsson	hermann@fvi.is
Hörður Gunnarsson	interfin@isl.is
Inga Gerða Pétursdóttir	ingagerda@hotmail.com
Jóhann Pálmason	hliदारferdir@simnet.is
Jóhannes Pétur Héðinsson	jph@hi.is
Jóhannes Sveinbjörnsson	jois@rala.is
Jón Birgir Valsson	6990019@internet.is
Jón Einar Haraldsson (Lambi)	lambi@internet.is
Jón M Ívarsson	jonm@umfi.is
Kjartan Lárusson	klar@khi.is
Kristinn Guðnason	elingu@ismennt.is
Kristján Yngvason	kristyng@simnet.is
Lárus Kjartansson	laruskj@internet.is
Ólafur Gunnarsson	olafg@mmedia.is
Ólafur Helgi Kristjánsson	solkort@isl.is
Ólafur Elí Magnússon	olieli@vortex.is
Ólafur Haukur Ólafsson	olih@propack.is
Ólafur Oddur Sigurðsson	glimir@internet.is
Pétur Eypórsson	petur.eythorsson@nyherji.is
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	sabina@ingunnarskoli.is
Sigmundur Stefánsson	hafdis@itn.is
Soffía Björnsdóttir	skut@mi.is
Svana Hrönn Jóhannsdóttir	svanahj@visir.is
Torfi Pálsson	torfip@ismennt.is
Valgeir Halldórsson	vallihall@internet.is
Póroddur Helgason	thoroddur@simnet.is

Erlendir glímumenn

Lars Magnar Enoksen	lars@temmon.com
Tom Jersø	jersoe@ofir.dk

DÓMARATAL 2007

Gildir 01.01. – 31.12.2007.

A dómarrar í glímu 2007

Garðar Erlendsson	Reykjavík
Hörður Gunnarsson	Reykjavík
Kjartan Lárusson	Laugarvatni
Rögvaldur Ólafsson	Reykjavík
Sigurjón Leifsson	Reykjavík
Þorvaldur Þorsteinsson	Reykjavík

B dómarrar í glímu 2007

Ólafur Oddur Sigurðsson	Selfossi
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	Reykjavík
Stefán Geirsson	Gerðum
Valgeir Halldórsson	Reykjavík

C dómarrar í glímu 2007

Arngrímur Geirsson	Mývatni
Ásgeir Víglundsson	Reykjavík
Atli Már Sigmarsson	Reyðarfirði
Helgi Kjartansson	Reykholti
Hjörleifur Sigurðsson	Mývatni
Jóhannes Sveinbjörnsson	Heiðarbæ
Jón M. Ívarsson	Reykjavík
Kristinn Guðnason	Þverlæk
Lárus Kjartansson	Laugarvatni
Pétur Yngvason	Akureyri
Sigurður Jónsson	Álftanesi

D dómarrar í glímu 2007

Jón Birgir Valsson	Reykjavík
Óttar Ottósson	Reykjavík

E - dómarraskírteini í glímu 2007

Helgi Bjarnason	Reykjavík
Hjörleifur Pálsson	Reykjavík
Jón Ólafur Eiðsson	Reyðarfirði
Ólafur Gunnarsson	Reyðarfirði
Ólafur Elí Magnússon	Hvolsvelli
Pétur Eyþórsson	Reykjavík
Snær Seljan Þóroddsson	Reyðarfirði
Torfi Pálsson	Reykjavík
Þórður Guðmundsson	Reyðarfirði

Ávarp formanns GLÍ

Árið 2006 var að mestu leiti gott ár fyrir glímuna, þó á köflum hafi reyndar gastað aðeins. Haldnir voru 12 stjórnarfundir sem voru vel sóttir af stjórnarmönnum og málefnið margvísleg og misjöfn.

Stjórnarskipun hélst óbreytt annað árið í röð eins og hægt er að lesa hér annarsstaðar í skýrslunni. Sem fyrr var stjórnarsamstarfið gott og stjórnarliðar oftast nær samstíga í ákvörðunum. Enda allir að stefna að sama markmiði, að efla þjóðaríþróttina. GLÍ naut áfram góðs af frábærum framkvæmdarstjóra sambandsins, Lárusi Kjartanssyni,

sem var ötull við að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem komu upp á borðið hverju sinni, sem og að halda úti öflugum glímukynningum og starfsemi skrifstofunnar.



Í febrúar gekk undirritaður ásamt Ólafi Oddi Sigurðssyni, Sigmundi Stefánssyni og Lárusi Kjartanssyni á fund Forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar, á skrifstofu hans að Staðarstað til þess að bjóða honum að vera viðstaddan í útgáfuteiti bókarinnar „Þróun glímu í íslensku þjóðlífi“ seinna um veturinn og taka þá jafnframt við fyrsta eintakinu af því tilefni. Ásamt því að ræða við hann um málefni glímunnar. Það er skemmst frá því að segja að fundurinn með Forsetanum var bæði gagnlegur og ánægjulegur þar sem rætt var vítt og breitt um glímuna og stöðu hennar í dag og benti hann okkur á ýmsar leiðir til eflingar glímunnar, t.d. á erlendri grundu. Því miður gat Herra Ólafur Ragnar ekki þekkt það okkar um að vera í áður nefndu útgáfuboði vegna annarra erindagjörða á sama tíma. En sagðist þó gjarnan vilja vera viðstaddur 100 ára afmæli Íslandsglímunnar sem fram færi á Akureyri að einum og hálfum mánuði liðnum.

Loksins loksins, gætu einhverjir hafa sagt þegar stórverk Þorsteins heitins Einarssonar „Þróun glímu í íslensku þjóðlífi“ leit loks dagsins ljós í miklu útgáfuhófi sem haldið var af GLÍ, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og afkomendum Þorsteins, í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal í mars mánuði. Þetta er ærið og mikið verk sem Þorsteinn vann að hátt í fimmtíu ár að sögn kunnugra. Því miður entist honum ekki aldur til að sjá bókina koma út. En Þorsteinn lést árið 2001. Frá þeim tíma var skipuð ritnefnd til að koma verkinu í útgáfu. Voru það fulltrúar frá GLÍ, Rannsóknarstofnun KHÍ og afkomendum Þorsteins sem sátu í ritnefnd. Nánar má sjá um þetta fjallað í skýrslu útgáfunefndar hér annars staðar í skýrslunni. En GLÍ bindur vonir við að þessi bók komi til með að veita fólki, innan sem utan glímunnar, betri innsýn í glímuna og þróun hennar frá upphafi og til dagsins í dag.

Annar stórviðburður varð að veruleika þegar glímumenn og konur fögnuðu 100 ára afmæli Íslandsglímunnar í upprunabæ hennar Akureyri, nánar tiltekið í Íþróttahúsi Síðuskóla. Alls skráðu sig til leiks 20 keppendur, þ.a. 7 konur og 13 karlar. Heiðursgestir voru forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson og bæjarstjóri Akureyrar, Kristán Þór Júlíusson. En þeir afhentu jafnframt sigurvegurum verðlaunin í leikslok, Herra Ólafur Ragnar afhenti Freyjumenið og Kristján Þór afhenti Grettisbeltið. Umgjörðin var hin glæsilegasta og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu glímum bæði hjá körlum og konum. Að verðlaunaafhendingu lokinni bauð Akureyrbær til kaffisamsætis í Síðuskóla fyrir heiðursgesti, gesti, keppendur, dómara og starfsfólk mótsins. Í tilefni 100 ára afmælisins, steig Sigmundur Stefánsson í pontu þar sem hann m.a. þakkaði fyrir hönd GLÍ mikla gestrisni bæjarstjórnar Akureyrar og við það tækifæri færði hann forsetanum og

bæjarstjóranum sitt hvort eintakið af áður nefndri bók Þorsteins Einarssonar. Herra Ólafur Ragnar notaði tækifærið er hann þakkaði fyrir sig, að bjóða keppendum, dómurum, starfsmönnum og gestum mótsins til Bessastaða síðar þennan mánuð í tilefni afmælisins. Að þremur vikum liðnum skunduðu um 120 manns; glímumenn, makar þeirra, forustufólk úr ÍSÍ og fyrrum glímukóngar heim á Bessastaði. Þar sem flestir áttu ánægjulega samverustund með gestgjafanum yfir snittum og freyðivíni á milli þess sem fjórir keppendur, tveir karlar og tvær konur, úr Íslandsglímunni öttu kappi í stofunni á Bessastöðum.

Glímuflokkurinn varð loks að veruleika eftir að hafa fengið milljón krónu styrk úr Pokasjóði til að koma hugmyndinni í framkvæmd. Leikstjórinn Stefán Jónsson var ráðinn til þess að semja glímusýningarverk ásamt því að leikstýra. Fleiri fagmenn voru fengnir að verkinu, eins og búningahönnuður og tónlistarhöfundur sem jafnframt útsetti tónlistina. Eftir miklar og strembnar æfingar, frumsýndi Glímuflokkurinn svo verkið í listasafni Reykjavíkur seinni partinn í júní við frábærar undirtektir áhorfenda. Stjórn GLÍ bindur miklar vonir við að halda megi reglulegar sýningar á þessu verki í Reykjavík á sumri komandi. En til þess að það geti orðið að veruleika hefur verið sótt aftur til Pokasjóðs um frekari styrk til verkefnisins.

Fyrsta alþjóðlega glímumótið á Íslandi fór fram á haustdögum þar sem einungis var keppt í glímu með sveitaglímuformi. Alls mættu fimm þjóðir til leiks auk Íslands. Byrjað var á því að bjóða gestum okkar upp á þjálfunarbúðir með Úrvalshópnum í tvo daga og endað á Icelandair Open mótinu á þriðja og síðasta deginum. Þetta var kjörið tækifæri til að leifa unga fólkinu okkar að takast á við hina erlendu gesti. Þ.a.l. var leikurinn nokkuð jafnari fyrir vikið. En svo fór að tvö af íslensku liðunum höfnuðu í 1. og 3. sæti, en Svíar í 2. sæti. Var það mál manna að vel hefði tekist til með mótið og voru útlendingarnir í sjöunda himni. Vonandi verður hægt að gera þetta mót að árlegum viðburði.

Mikill hugur er í stjórn GLÍ að stofna Heimssamband í glímu. Ætti það að vera eðlileg þróun m.v. að sífellt fleiri lönd bætast í hópinn sem stunda glímu. En drög að lögum Heimssambandsins verða lögð fyrir glímupingið.

Samstarfið við UMFÍ var áfram í góðum farvegi þar sem Glímuflokkurinn bar hvað hæst og glímunni var einnig gert hátt undir höfði á unglíngalandsmótinu að Laugum í Þingeyjarsýslu. Þá áttum við gott samstarf við forystu ÍSÍ á árinu. Vann hún mjög vel með okkur í því að halda fengnum hlut á fjárlögum, því á tímabili virtist GLÍ ætla að missa ríkisstyrkinn. En með samhenti hjálp ÍSÍ og fleiri góðra manna var hægt að koma í veg fyrir þann gjörning. Einnig eigum við von á að GLÍ fái úthlutaðan sanngjarnan skerf frá ÍSÍ af þeim 180 milljónum sem Menntamálaráðuneytið ætlar að úthluta til íþróttahreyfingarinnar.

Ágætis samstarf var við allar nefndir GLÍ enda voru allir formenn nefnda jafnframt í stjórn eða varastjórn GLÍ. Þá var áfram gott samstarf við GDÍ. En ekki hefur þetta þó alltaf verið dans á rósum hjá GLÍ á árinu 2006. Því skömmu fyrir Íslandsglímu biður fyrrum formaður GLÍ, Jón M. Ívarsson um áheyrn stjórnarinnar á stjórnarfundi. Þar leggur hann á borðið horn eitt til minningar um Hjálm Sigurðsson sem þá nokkru áður hafði hvatt þennan heim langt fyrir aldur fram. Bað Jón stjórnina að samþykkja hornið sem fegurðarverðlaun á Íslandsglímu. Ekki voru allir á eitt sáttir með þá hugmynd og var hart tekist á um þetta mál þar sem sitt sýndist hverjum. Stjórninni var engu að

síður mikið í mun að landa þessu máli farsælega þannig að sem flestir mættu vel við una. Var því samþykkt á endanum að hornið yrði veitt á lokahófi GLÍ. Eins og ég hef rakið hér á undan má segja að enginn lognmolla hafi verið í kringum glímunna á árinu 2006. Vonandi eigum við eftir að verða ennþá sterkari á komandi árum með aukinni nýliðun héraendis sem og erlendis. Möguleikinn á að efla glímuíþróttina til mikilla muna er til staðar og er falinn í því fólki sem stendur að glímunni í dag, keppendur, iðkendur, þjálfarar, dómarar, forsvarsmenn félaga og aðrir sem tengjast glímunni. Þetta er fólkið sem verður að standa þétt saman og halda áfram að efla og styrkja glímuna, henni til heilla.

Jón Birgir Valsson
Formaður Glímusambands Íslands

Stjórn GLÍ 2006-2007



Formaður: Jón Birgir Valsson



Gjaldkeri: Sigmundur Stefánsson



Ritari: Jóhannes Pétur Héðinsson



Varaformaður: Ólafur Oddur Sigurðsson



Meðstjórnandi: Valgeir Halldórsson

Varastjórn:



Sabína S. Halldórsdóttir



Svana H. Jóhannsdóttir



Snær Seljan Þóroddsson

Nefndir GLÍ 2006 - 2007

Listi yfir þær nefndir sem stjórn GLÍ kaus eftir síðasta glímuþing. Aganefnd GLÍ var kosin á Glímuþingi.

Aganefnd:	Páll Aðalsteinsson Þorvaldur Þorsteinsson Elías Árnason
Varamenn:	Árni Þór Bjarnason Kjartan Lárusson Helgi Bjarnason
Fræðslunefnd:	Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Ólafur H. Kristjánsson Snær Seljan Þóroddsson
Minjasafnsnefnd:	Sigmundur Stefánsson, formaður Jón M. Ívarsson Stefán Geirsson
Laganefnd:	Jóhannes Pétur Héðinsson, formaður Einar K. Jónsson Valgeir Halldórsson
Ritnefnd:	Jóhannes Pétur Héðinsson, formaður Stefán Geirsson Sabína Steinunn Halldórsdóttir
Utanríkisnefnd:	Jón B. Valsson, formaður Ólafur Oddur Sigurðsson Sabína Steinunn Halldórsdóttir
Árshátíðarnefnd:	Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Ólafur Helgi Kristjánsson Lárus Kjartansson
Útgáfunefnd Glímusögu:	Jón M Ívarsson, formaður Hjálmur Sigurðsson Stefán Geirsson
Mótanefnd:	Lárus Kjartansson, formaður Valgeir Halldórsson Svana Hrönn Jóhannsdóttir
Endurskoðendur:	Hörður Gunnarsson Kjartan Lárusson
Varamenn:	Sigurjón Leifsson Árni Þór Bjarnason

Glímuping 2006

42. þing Glímusambands Íslands var haldið í sal ÍSÍ í íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 3. mars 2006. Jón Birgir Valsson, formaður GLÍ setti þingið kl. 17:00 og bauð fulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Þingforseti var Einar Kristján Jónsson og varaþingforseti Sigmundur Stefánsson. Þingritari var kjörinn Hörður Gunnarsson. Þingið sátu 30 fulltrúar frá sex aðilum. Alls áttu 38 fulltrúar frá 6 sambandsaðilum rétt til setu á þinginu. Gestur þingsins var Ellert B. Schram forseti ÍSÍ og bar hann kveðjur frá ÍSÍ og sagði ánægjulegt að sjá það unga fólk sem mætt var á þingið til að vinna að sinni íþrótt, glímunni. Jón Birgir Valsson var endurkjörinn formaður og auk hans voru allir stjórnarmenn endurkjörnir í stjórn GLÍ.

Stjórnarfundir

Fundir í stjórn GLÍ voru haldnir á þriggja til fjögurra vikna fresti á tímabilinu. Fundargerðir stjórnar er að finna á heimasíðu Glímusambands Íslands, www.glima.is.

Úrvalshópur GLÍ

Á árinu 2006 kom úrvalshópur GLÍ tvisvar sinnum saman til æfinga. Fyrri æfingahelgin fór fram í Reykholti í Biskupstungum, dagana 18. og 19. febrúar en sú seinni í Reykjavík 27.-29. október í tengslum við Icelandair Open. Ólafur Oddur Sigurðsson, Pétur Eypórsson, Snær Seljan Þóroddsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir höfðu umsjón með þjálfun hópsins á árinu 2006. Úrvalshópurinn hefur stöðugt frá stofnun hans tekið framförum og er mikið af stórefnilegu glímufólki innan hans. Hópurinn saman stendur af ungu fólki 15-20 ára. Úrvalshópurinn fór í tvær ferðir á árinu, í júní byrjun fór fimm manna hópur til Stagvanger í Noregi í sýningaferð sem heppnaðist mjög vel. Um miðjan ágúst fór svo 17 manna hópur til Færeyja í sýningar- og skemmtiferð.



Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson ásamt glímustúlkum

Heimasíða GLÍ

Heimasíða GLÍ hefur að geyma mikið magn af upplýsingum þar er t.d. er að finna úrslit, fundargerðir og þinggerðir síðustu ára ásamt fleiru. Heimasíðan er uppfærð reglulega og eru tenglar á öll aðildarfélög GLÍ. Slóðin á heimasíðuna er www.glima.is.

Starfsmaður GLÍ

Lárus Kjartansson var starfsmaður GLÍ á árinu 2006. Hlutverk starfsmanns GLÍ er fjölbreytt en hann sér um glímukynningar í skólum, aðstoðaðar nefndir GLÍ, mættir á fundi og sinnir daglegum rekstri sambandsins.

Fundir og þing

Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn GLÍ mættu á fjölda funda og þinga árið 2006. Flestir þessara funda tengdust starfi ÍSÍ og UMFÍ. Dagana 28.-29. apríl 2006 fór fram 68. Íþróttþing ÍSÍ á Grand Hótel í Reykjavík. Íþróttþing ÍSÍ er æðsti vettvangur íslenskrar íþróttahreyfingar. Ellert B. Schram forseti ÍSÍ gaf ekki kost á sér til endurkjörs á þinginu og vill Glímusambandið nota tækifærið og þakka Ellerti fyrir samstarfið á liðnum árum. GLÍ óskar nýkjörnum forseta ÍSÍ, Ólafi Rafnssyni til hamingu með kjörið. Fulltrúar Glímusambandsins á þinginu voru: Jón Birgir Valsson, Sigmundur Stefánsson og Lárus Kjartansson.

Dagur glímunnar

Glímumenn héldu upp á dag glímunnar víða um land þann 10. október 2006, en það var í annað sinn sem dagurinn var haldin hátíðlegur. Í tilefni dagsins var í Safnahúsinu á Ísafirði opnuð sýning á Vestfjarðabeltinu og sögu þess sem nær allt aftur til ársins 1912. Þá stóð Glímusamband Íslands fyrir glímusýningu á Esjunni (á Þverfellshorni).



Glímufrímerki

Í tilefni af 100 ára afmæli Íslandsglímunnar þá var útbúið frímerki af Íslandspósti í samvinnu við Glímusambandið og var það gefið út þann 21. september 2006. Hlynur Ólafsson, grafískur hönnuður hannaði frímerkið, en stærð þess er 47 x 80 mm.



Icelandair Open

Þann 29. október 2006 var brotið blað í glímusöggunni þegar alþjóðlega glímumótið Icelandair Open fór fram í Reykjavík á Íslandi. Alls kepptu sex þjóðir með sér í glímu af báðum kynjum. Keppendur komu frá Svíþjóð, Danmörku, Hollandi, Þýskalandi, Belgíu og Íslandi. Nánar er sagt frá mótinu í árbók GLÍ.



David Lundholm og Merlyn Janssen

Glímuflokkur Íslands

Glímuflokkur Íslands var stofnaður á árinu 2006 en hann fór í sýningarferð til Danmörku og Svíþjóð. Áður en flokkurinn hélt utan var hann með frumsýningu í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu 23. júní. Óhætt er að segja að sýningin hafi vakið verðskulduga athygli og frammistaða glímuflokksins, einstaklega góð. Glímuflokkur Íslands er samstarfsverkefni Glímusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Verkefnið á sér nokkurra ára aðdraganda en með myndarlegum styrk frá Pokasjóði var unnt að ýta því úr vör. Markmið flokksins er að halda merki glímunnar á lofti og bjóða upp á frumlegar og vandaðar glímusýningar jafnt innanlands sem utan. Flokkurinn stefnir að því að frumsýna nýja sýningu ár hvert. Flokkurinn sýndi á danska landsmótinu sem haldið var í bænum Haderslev á Jótlandi en alls voru 40 þúsund áhorfendum á mótinu. Sýningarferðin var í samvinnu við Kultur Fonden og var liður í að kynna glímuna erlendis.

Glímubeltakaup

Glímusamband Íslands stóð fyrir glímubeltakaupum frá Búlgaríu á árinu 2006, en í ljósi magns þá var hægt að bjóða upp á frábært verð. Boðið er upp á þrjár mismunandi stærðir, það var Skarphéðinn Orri Björnsson sem sá um kaupin í Búlgaríu fyrir GLÍ og á hann þakkir skyldar fyrir.

Vestfjarðabeltið endurvakið

Kept var um Vestfjarðabeltið í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði þann 20. maí 2006. Var það í fyrsta sinn eftir 73 ára hlé að glímt væri um beltið. Glíman um beltið var skemmtileg á að horfa, en sigurvegari varð Stígur Berg Sophusson, Herði og hlaut hann því Vestfjarðabeltið og sæmdarheitið „glímukóngur Vestfjarða” í fyrsta sinn. Beltið er ægifögur silfursmíð Helga Sigurgeirssonar gullsmíðs frá því um 1912 og var keppt um það í vel á annan áratug. Fegurðarverðlaun hlaut Magni Annýjarson, Herði.

Þróun glímu í íslensku þjóðlífi

Glímusögubókin, Þróun glímu í íslensku þjóðlífi eftir Þorstein Einarsson leit dagsins ljós á vormánuðum 2006. Verkið er viðamikilið og glæsilegt í allastaði. Segja má að bókin sé skyldu eign allra þeirra sem áhuga hafa á sögu glímunnar og íþróttum almennt. Þann 22. mars 2006 fór fram útgáfuteiti glímusögubókarinnar, Þróun glímu í íslensku þjóðlífi eftir Þorstein Einarsson. Á annað hundrad gestir komu og litu verkið augum og voru sammála um það að verkið væri viðamikilið og glæsilegt. Sjónvarpsþátturinn Ísland í dag var með beina útsendingu frá útgáfuteitinu.

Þjálfaranámskeið á Egilsstöðum

Dagana 13.-15. mars var haldið þjálfaranámskeiðið 1a sérgreina hlutann á Egilsstöðum í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum. Það voru 19 nemendur sem sóttu námskeiðið og tókst það mjög vel í alla staði. Kennarar á námskeiðinu voru Lárus Kjartansson og Árni Ólason.

Glímumaráðon

Glímuiðkendur Harðar á Ísafirði glímdu í 6 klukkustundir samfelld, föstudaginn 17. mars í íþróttahúsinu Torfnesi. Glíma yngri flokka var frá kl. 17:00 – 20:00 og eldri flokkur byrjaði glímuna kl. 19:00 og glímdi til kl. 23:00.

Glímudeild KR opnar heimasíðu

Þann 24. febrúar 2006 opnaði heimasíða glímudeildar KR, á síðunni má finna upplýsingar um allt sem viðkemur deildinni. Slóðinn á síðuna er www.kr.is/glima.

Glíma á Vetrarhátíð

Vetrarhátíð í Reykjavík var haldin í fimmta sinn árið 2006 og stóð yfir dagana 23.-26. febrúar. Þjóðaríþrótt Íslendinga, glíman var að sjálfsgöðu með á hátíðinni. Glíma var kynnt bæði í verki og með myndrænum hætti í félagshúsi Þróttar í Laugardal, sunnudaginn 26. febrúar.

Fundur forseta Íslands

Stjórn Glímusambandsins fundaði þann 1. febrúar 2006 með Hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. Fundurinn var gagnlegur og ánægjulegur í alla staði og ræddar voru margar hugmyndir varðandi glímuna.

Lokahóf GLÍ

Lokahóf Glímusambandsins fór fram 22. apríl 2006 á Holtakránni í Reykjavík. Alls mættu um 70 manns á hófið og áttu glímumenn mjög góða stund saman. Skemmtiatriði voru í umsjón glímumanna sjálfra og voru þau mjög fjölbreytt og skemmtileg. Á hófinu voru veitt verðlaun þeim sem stóðu sig best á keppnistímabilinu 2005-2006.

Besta glímukonan, Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD

Besti glímumaðurinn: Pétur Eypórsson, KR

Besti þjálfarinn: Ólafur Haukur Ólafsson, KR

Besti dómariinn: Kjartan Lárusson

Mesti félagsmálamaðurinn: Hermann Níelsson, Herði

Besta glímusíðan: KR síðan

Glímusýningar 2006

Reykjavík

Þann 17. júní 2006 var haldin glímusýning við Fríkirkjuveg 11 og voru það glímukonurnar, Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir og Elísabeth Patriarca sem sýndu glímu, en Óttar Ottósson stjórnaði.

Dalabyggð

Þann 9. júlí 2006 fór fram Leifshátíð í Dalabyggð, hluti af dagskránni var glímusýning hjá þeim glímusysturum frá Hlíð Svönu Hrönn og Sólveigu Rós Jóhannsdætrum.

Varmaland

Miðvikudaginn 12. júlí 2006 sýndu og kenndu félagarnir Óttar Ottósson og Halldór Óli Kjartansson alls 80 ungmennum af Norðurlöndunum glímu, en glímukennslan var hluti af ungmennavíku hjá UMFÍ.

Seyðisfjörður

Sumarið 2006 fór fram menningarhátíð á Seyðisfirði fyrir ungt fólk víðsvegar að úr heiminum sem nefndist LUNGA. Hluti af dagskránni var glímusýning hjá glímuköppunum ungu og efnilegu Pétri Þóri Gunnarsyni og Snæ Seljan Þóroddssyni og vakti hún mikla lukku.

Vestfirðir

Sumarið 2006 voru haldnar glímusýningar á Þingeyri og Hrafnseyri af glímumönnum í Herði á Ísafirði og voru sýningarnar undir stjórn Hermanns Níelssonar.

Mývatn

Á Kúluskíthátíðinni sem haldin var við Mývatn haustið 2006 fór fram glímusýning, henni lýsti Eyþór Pétursson, en Bjarni Þór Gunnarsson, Einar Eyþórsson, Sylvía Ósk Sigurðardóttir og Pétur Þórir Gunnarsson glímdu.

Hvolsvöllur

Þann 30. september 2006 fór fram á Hvolsveli bæjarhátíð / töðugjöld. Þar sýndu glímu nokkrar ungar stúlkur frá Dímon á Sögusetrinu á Hvolsvelli og var það einn þáttur í hátíðinni. Sýningunni stjórnaði Elísabeth Patriarca stúlkunum við góðar undirtektir gesta. Þar fengu gestir að sjá helstu glímubrögðin og þar á eftir að spreyta sig og glíma við stúlkurnar sem sýndu. Aðstandendur hátíðarinnar voru stórhreifnir af framgöngu stúlkanna og eiga þær mikið hrós skilið fyrir hve vel til tókst að skapa skemmtilega og lifandi stemningu.

Hagamelshátíðin

Hagamelshátíð var haldin laugardaginn 9. september 2006 í tilefni af stórafmæli götunnar, Melaskóla og Melabúðarinnar. Eitt af skemmtiatriðunum var glímusýning þar sem glímukapparnir Jóhannes Pétur Héðinsson og Halldór Óli Kjartansson sýndu og Jón Birgir Valsson lýsti.

Færeyjafærð úrvalshóps

Hluti af úrvalshópnum fór í sýningar- og kynningarferð til Færeyja í ágúst 2006 ásamt tveimur fararstjórum. Þeir sem fóru voru: Guðrún Heiður Skúladóttir, Laufey Frímansdóttir, Magnús Karl Ásmundsson, Ragnheiður Jara Rúnarsdóttir, Sindri Freyr Jónsson, Sylvía Ósk Sigurðardóttir, Elísabeth Patriarca, Ólöf Sara Garðarsdóttir, Valur Gauti Ragnarsson, Oddur Björn Jónsson, Brynjólfur Örn Rúnarsson, Magni Annýjarson, Steinar Bjarki Marinósson, Sigmundur Stefánsson, fararstjóri og Óttar Ottósson, fararstjóri.

Glímufólk frá UÍA og HSP ásamt Sigmundi, fararstjóra, fór með Norrænu frá Seyðisfirði þann 10. ágúst og komu til Þórshafnar að morgni næsta dags. Þessi hluti hópsins hélt svo heim 16. ágúst og kom til Seyðisfjarðar næsta dag. Aðrir í hópnum flugu til Færeyja að kvöldi 11. ágúst og heim 18. ágúst. Hópurinn bjó á Tóftum á Austurey en þar er aðalíþróttaleikvangur Færeyinga.

Hópurinn sýndi glímu þrisvar sinnum í ferðinni sem var minna en við hefðum viljað en á þessum tíma var ekki mikið um að vera í Færeyjum þannig að ekki var mikið um samkomur þar sem glíma hefði getað fallið inn í dagskrána. Fyrsta sýningin var í Nolsey 12. ágúst en þar fóru fram árleg hátíðarhöld til minningar um Ove sem reri á árabát frá Nolsey til Danmerkur 1986. Í Nolsey var sýnt á gervigrasvelli og voru áhorfendur um 50. Tímans vegna var ekki unnt að bjóða áhorfendum að reyna sig í glímu.

Næsta sýning var í Klakksvík 15. ágúst. Sýningin fór fram í félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga. Áhorfendur voru um 40, mest börn á aldrinum 8-12 ára. Nokkrir áhorfendur prófuðu glímu að sýningunni lokinni.

Síðasta sýningin var svo í Runavík 16. ágúst en þar fóru fram útitónleikar og var glímusýningin sett upp í hléi á tónleikunum. Glímufólk frá HSP og UÍA var farið heim á þessum tíma og tók því ekki þátt í sýningunni. Þessi sýning þótti takast mjög vel og vakti talsverða athygli hjá áhorfendum sem voru á annað hundrað.

Fram hefur komið að ýmsir í hópnum hefðu gjarnan viljað glíma meira í ferðinni en því miður tókst ekki að setja upp fleiri sýningar. Af þessu hlýtur maður að draga þann lærdóm að nauðsynlegt er að undirbúa ferðir af þessu tagi vel og virkja einhverja heimamenn til aðstoðar við skipulag þeirra. Varðandi ferðir til Færeyja er mun betra að hafa bifreið til umráða þar sem byggðin er dreifð og ferðir með áætlunarbílum strjálar.



Færeyjafarar Úrvalshópsins

Glímukona ársins 2006

Á fundi sínum 27. nóvember 2006 ákvað stjórn GLÍ að velja Svönu Hrönn Jóhannsdóttur, GFD glímukonu ársins 2006. Umsögn stjórnar GLÍ er eftirfarandi: *Svana Hrönn Jóhannsdóttir, GFD er 21 árs gömul og hefur hún verið ein fremsta glímukona landsins undanfarin ár. Svana Hrönn tók þátt í flestum glímumótum GLÍ á árinu með frábærum árangri. Svana Hrönn sigraði m.a. í Íslandsglímuni og hlaut sæmdarheitið „glímudrottning Íslands“ í annað sinn.*

Glímumaður ársins 2006

Á fundi sínum 27. nóvember 2006 ákvað stjórn GLÍ að velja Pétur Eypórsson, KR glímumann ársins 2006. Umsögn stjórnar GLÍ er eftirfarandi: *Pétur Eypórsson, KR er 28 ára gamall og hefur verið einn besti glímumaður landsins um langt árabíl. Stærstu sigrar Péturs á árinu voru þegar hann varð Íslands- og Bikarmeistari í –85 kg flokki. Pétur er góð fyrirmynd innan vallar sem utan.*

Efnilegustu glímumennirnir 2006

Stjórn Glímusambandsins valdi þau, Sindra Frey Jónsson, UÍA og Evu Dröfn Ólafsdóttir, KR efnilegasta glímufólkið árið 2006. Eva og Sindri eru bæði stórefnileg og sýndu miklar framfarir á sl. ári. Þau eru bæði í Úrvalshópi GLÍ og hafa æft mjög vel og náð góðum árangri. Í glímuárþókinni má sjá árangur þeirra. Stjórn GLÍ óskar þeim innilega til hamingju með þessa nafnbót og vonast eftir því að sjá þau sem oftast á glímuvellinum í framtíðinni.



Sindri Frey Jónsson og Eva Dröfn Ólafsdóttir

Glímuáfangi við Menntaskólann á Ísafirði

Haustið 2006 byrjaði Menntaskólinn á Ísafirði með afreksíþróttabraut innan skólans í samvinnu við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Afreksíþróttabrautin býður upp á sex íþróttagreinir og er glíman ein þeirra. Glímukennarinn við skólann er Hermann Níelsson en hann hefur einnig yfirumsjón með afreksbrautinni. Alls eru 29 nemendur á brautinni og þar af eru þrír glímumenn. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á glímuáfanga í framhaldsskóla sem er í gangi allan veturinn og metin er til eininga. Þetta eru mjög góðar fréttir fyrir glímuna og vonandi í framtíðinni eiga fleiri skólar eftir að fylgja í kjölfarið og bjóða upp á glímuáfanga.

Formannafundur GLÍ

Þann 27. október 2006 fór fram fyrsti formannafundur Glímusambands Íslands. Fundurinn var haldinn í sal E hjá ÍSÍ í Laugardal og mættu fulltrúar frá öllum héraðssamböndum fyrir utan HSK. Fundurinn var mjög gagnlegur og verður hann að árlegum viðburði hjá Glímusambandinu í framtíðinni að öllum líkindum.

Glímumyndin Bræðrabylta

Á haustmánuðum 2006 stóðu yfir tókur á glímukvikmyndinni Bræðrabylta. Leikstjóri myndarinnar er Grímur Hákonarson en reiknað er með að myndin verði frumsýnd á vormánuðum 2007.

Glímt á Bessastöðum

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson bauð glímufólki til Bessastaða þann 22. apríl í tilefni af 100 ára afmæli Íslandsglímunnar. Á Bessastöðum var boðið upp á glímusýningu sem nefnd var forsetaglíman, en þau sem tóku þátt í henni voru Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Sólveig Rós Jóhannsdóttir, Jón Birgir Valsson og Pétur Eypórsson.



Pétur Eypórsson og Jón Birgir Valsson

Minningarorð um Hjálm Sigurðsson

Hjálmur Sigurjón Sigurðsson lést á heimili sínu 2. mars 2006, 56 ára að aldri. Útför hans fór fram frá Bústaðakirkju 10. mars 2006. Hjálmur sat í stjórn Glímusambandsins frá 1981-1998, lengst af sem gjaldkeri þess. Hann átti farsælan feril sem glímumaður og seinna meir sem glímuþjálfari. Á glímufurlinum stendur upp úr sigur hans í Íslandsglímunni 1974 er hann hampaði Grettisbeltinu í fyrsta og eina skiptið. Einnig varð hann þrefaldur Skjaldarhafi Ármanns á árunum 1978-1980. Hjálmur var þjálfari Ingibergs Jóns Sigurðssonar er hann hampaði Grettisbeltinu sjö sinnum í röð og þjálfaði Pétur Eypórsson þegar hann vann Íslandsglímuna 2004. Þá átti Hjálmur stóran þátt í að gera Svönu Jóhannsdóttur og Sólveigu Rós Jóhannsdóttur (tvisvar) að Glímudrottningum Íslands. Hjálmur kom að mörgum málum tengdum Glímusambandinu sat mörg þing og ráðstefnur á vegum þess, stjórnaði glímusýningum og var fararstjóri í keppnisferðalögum á vegum GLÍ.

Stjórn Glímusambandsins vill votta fjölskyldu Hjalms innilegrar samúðar og jafnframt þakka Hjalmi allt það mikla starf sem hann hefur innt af hendi í þágu glímunnar.

Hvíl í friði

Stjórn Glímusambands Íslands

Glímukynningar 2006

Glímukynningarnar voru með svipuðum hætti eins og síðustu ár. Alls fengu 4.495 nemendur kynningu á glímu árið 2006. Meiri rækt var lögð við þau svæði þar sem glíma er stunduð, það er gert til að styrkja innra starf glímudeilda víðsvegar um landið. Hér eru taldir upp þeir skólar sem heimsóttir voru á árinu.

Janúar	Skóli	Fjöldi nemenda
12.	Langholtsskóli	200
16.	Brúarskóli í Reykjavík	10
17.	Brúarskóli í Reykjavík	10
26.	Laugalandsskóli	100
27.	Grunnskólinn Hellu	190
31.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
Febrúar		
2.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
7.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
9.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
14.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
15.	Grunnskólinn Hellu	200
16.	Íþróttakademían í Reykjanesbæ	30
21.	Álftamýraskóli í Reykjavík	60
27.	Engjaskóli í Reykjavík	30
28.	Lágafellsskóli í Mosfellsbæ	300
Mars		
1.	Lágafellsskóli í Mosfellsbæ	300
6.	Grunnskóli Bláskógabyggðar Reykholti	80
7.	Grunnskóli Bláskógabyggðar Reykholti	80
8.	Víðistaðaskóli Hafnarfirði	150
9.	Víðistaðaskóli Hafnarfirði	150
10.	Víðistaðaskóli Hafnarfirði	150
13.	Menntaskólinn á Egilstöðum	25
14.	Menntaskólinn á Egilstöðum	25
15.	Menntaskólinn á Egilstöðum	25
20.	Síðuskóli, 10. bekkingar á Akureyri	200
Apríl		
3.	Grunnskólinn í Hrísey	30
4.	Menntaskólinn Hraðbraut Reykjavík	50
5.	Iðnskólinn í Hafnarfirði	30
26.	Hofstaðarskóli í Garðabæ	200
27.	Hofstaðarskóli í Garðabæ	150
28.	Hofstaðarskóli í Garðabæ	150
Október		
5.	Klébergsskóli	170
23.	Engjaskóli í Reykjavík	120

Nóvember

15.	Grunnskólinn Hellu	190
21.	Grunnskóli Hveragerðis	200
23.	Langholtsskóli í Reykjavík	185
24.	Sunnulækjarskóli á Selfossi	90
27.	Sunnulækjarskóli á Selfossi	60
29.	Sunnulækjarskóli á Selfossi	60
30.	Flúðaskóli	190

Desember

1.	KHÍ Laugarvatni	35
7.	Brúarskóli í Reykjavík	10
8.	Brúarskóli í Reykjavík	10
Samtals		4.495

Glímumót og keppendur

Á árinu 2006 voru haldin 12 glímumót á vegum Glímusambandsins. Fyrir utan landsmót GLÍ voru haldin 17 önnur glímumót sem skrifstofa GLÍ hefur fengið tilkynningar um. Samtals voru því haldin 29 glímumót árið 2006, eða fjölgun um 9 frá árinu áður. Á öllum þessum mótum kepptu 233 glímumenn þar af kepptu 124 einstaklingar á landsmótum GLÍ.

Hér á eftir fylgir tafla yfir keppendur á glímumótum frá árinu 2001-2005. Einnig er talinn upp fjöldi keppenda sem er lagður til grundvallar fjölda fulltrúa á glímuþing 2005 og fulltrúafjöldi sambandsaðila.

Samband:	Kepp. '02	Kepp. '03	Kepp. '04	Kepp. '05	Kepp. '06	v/þing.	hér.mót	fulltrúar
HSK	188	175	141	127	104	43	x	11
UÍA	23	31	36	23	28	22	x	7
ÍBR	56	72	65	70	47	20	x	6
HSP	9	11	12	17	13	13		4
UDN	49	18	44	14	14	14		4
HSV	0	1	3	6	8	8	x	4
UMSB	0	0	0	0	4	4		2
ÍRB	0	0	0	0	21	0		0
UNP	0	0	0	0	3	0		0
USVH	0	0	0	0	1	0		0
Samtals	331	310	304	257	233	124	4	38

Iðkendur í glímu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ 2005

Aðilar:	Konur		Karlur		Alls
	- 15	+ 16	- 15	+ 16	
ÍBR:					
KR	5	3	26	20	54
Glímufélagið Ármann	5	2	20	6	33
ÍR	0	0	6	4	10
U.M.F. Víkverji	0	2	3	12	17
UDN:					
Glímufélag Dalamanna	30	19	32	22	103
U.M.F. Afturelding	1	0	0	0	1
HSP:					
U.M.F. Efling	0	0	0	1	1
Mývetningur	0	4	7	13	24
UÍA:					
U.M.F. Valur	7	0	10	14	31
HSK:					
U.M.F. Biskupstungna	1	0	5	1	7
U.M.F. Vaka	0	0	3	0	3
U. M. F. Samhygð	6	1	5	2	14
U.M.F. Hvöt	0	1	0	2	3
U.M.F. Laugdæla	3	1	9	6	19
Garpur	2	3	13	4	22
Dímon	35	10	79	12	136
HSV:					
Hörður Ísafirði	0	0	3	0	3
Alls:	95	46	221	119	481

Styrkleikalisti glímumanna 31. desember 2006

Karlar	Félag
1. Pétur Eyþórsson	KR
2. Ólafur Oddur Sigurðsson	HSK
3. Jón Birgir Valsson	KR
4. Pétur Þórir Gunnarsson	HSP
5. Jón Smári Eyþórsson	HSP
6. Stefán Geirsson	HSK
7. Arngeir Friðriksson	HSP
8. Snær Seljan Þóroddsson	UÍA
9. Ólafur Helgi Kristjánsson	HSP
10. Jóhannes Pétur Héðinsson	KR
11. Óttar Ottósson	KR
12. Magnús Karl Ásmundsson	UÍA
13. Stígur Berg Sophusson	Herði
14. Lárus Kjartansson	HSK
15. Brynjólfur Örn Rúnarsson	Herði
16. Sindri Freyr Jónsson	UÍA
17. Magni Þór Annýjarson	Herði
18. Daníel Þór Þorsteinsson	Herði
19. Halldór Óli Kjartansson	KR
20. Jón Ólafur Eiðsson	UÍA

Konur	Félag
1. Elísabeth Patriarca	HSK
2. Sólveig Jóhannsdóttir	GFD
3. Soffía K. Björnsdóttir	HSP
4. Svana Hrönn Jóhannsdóttir	GFD
5. Sylvía Ósk Sigurðardóttir	HSP
6. Ragnheiður Jara Rúnarsdóttir	UÍA
7. Eva Dröfn Ólafsdóttir	KR
8. Laufey Frímansdóttir	UÍA
9. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir	HSK
10.-11. Guðrún Heiður Skúladóttir	UÍA
10.-11. Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir	KR
12.-13. Dagný Sigurbjörnsdóttir	HSK
12.-13. Herdís Rútsdóttir	HSK
14. Hjördís Helga Þóroddsdóttir	UÍA
15. Fanney Ólafsdóttir	HSK
16. Ólöf Sara Garðarsdóttir	HSK
17. Harpa Bergþórsdóttir	HSK
18. Linda Sveinsdóttir	HSK
19.-20. Gréta María Dagbjartsdóttir	UÍA
19.-20. Ásdís Hulda Árnadóttir	HSK

Skýrslur nefnda Glímusambands Íslands

Skýrsla Fræðslunefndar 2006

Nefndina skipa:

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður

Ólafur Helgi Kristjánsson

Snær Seljan Þóroddsson

Glímusambandið stóð fyrir glímukynningum í skólum landsins á árinu 2006 og alls fengu 4.495 nemendur kynningu um land allt. Kynningarnar hafa farið fram þar sem glíma er stunduð og einnig hefur öllum óskum um glímukynningu verið sinnt.

Ólafur Oddur Sigurðsson

Skýrsla Laganefndar 2006

Nefndina skipa laganefnd:

Jóhannes Pétur Héðinsson, formaður

Einar Kr. Jónsson

Valgeir Halldórsson

Engin erindi komu á borð nefndarinnar á árinu 2006.

Jóhannes Pétur Héðinsson

Skýrsla Minjasafnsnefndar 2006

Í Minjasafnsnefnd GLÍ eiga sæti:

Sigmundur Stefánsson, formaður

Jón M. Ívarsson

Stefán Geirsson

Nefndin hélt einn fund á árinu en auk þess hafa einstakir nefndarmenn rætt verkefni nefndarinnar óformlega sín á milli. Á fundinum var mest rætt um væntanleg glímusafn í Haukadal í Biskupstungum sem fjallað er um í síðustu skýrslu. Áform eru uppi um verulega stækkun ferðamannastöðunnar við Geysi og er gert ráð fyrir að þar verði komið upp glímusafni. Framkvæmdir við stækkunina hafa gengið hægar fyrir sig en reiknað var með, en búast má við því að línur fari að skýrast á næstu mánuðum.

Nefndin hefur rætt nokkuð um 100 ára afmæli Konungsglímunnar á Þingvöllum sem er á þessu ári og hefur komið til tals að minnast þessa merka viðburðar í íþróttasögunni með einhverjum hætti.

Í skýrslu síðasta árs féll niður að geta þess að GLÍ eignaðist glímuskjöld Eyfellinga í tengslum við 40 ára afmæli sambandsins. Um þennan skjöld var keppt á íþróttamótum Eyfellinga fram yfir miðja síðustu öld.

Þetta er það helsta úr starfi Minjasafnsnefndar 2006.

Sigmundur Stefánsson

Skýrsla utanríkisnefndar GLÍ

Nefndina skipa:

Jón Birgir Valsson, formaður
Ólafur Oddur Sigurðsson
Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Erlend samskipti á árinu 2006 voru með svipuðu móti og árinu á undan. Sem fyrr stóð GLÍ til boða að taka þátt í mótum og sýningum erlendis og dómgæslu vegna meistaramóts í glímu hjá Glímusambandi Svíþjóðar.

Holland Open 2006

Fyrstu helgina í júní héldu Pétur Eypórsson og Jóhannes Pétur Héðinsson til Hollands til þessa að sýna og kenna glímu. Einnig stóð að halda hollenska meistaramótið þessa helgina, en því var frestað um óákveðin tíma af þeirri ástæðu að bestu hollensku glímumennirnir gátu ekki mætt í mótið. Hins vegar fór fram Holland Open 2006 en í því tóku þátt glímumenn frá Hollandi, Þýskalandi og Hvíta-Rússlandi. Mótið heppnaðist mjög vel og er líklegt að um árlegan viðburð verði að ræða. Mótið fór fram í Eindhoven. Að sögn þeirra félaga heppnaðist ferðin afar vel og glímunni mikill áhugi sýndur.

Glíman á uppleið í Stokkhólmi

Dagana 10.-12. júní, dvöldu Lárus Kjartansson og Jón Birgir Valsson í Stokkhólmi og voru með æfingabúðir fyrir heimamenn, í æfingahúsnæði glímuklúbbsins U.M.S. Glima. Þóttu æfingabúðirnar heppnast mjög vel í alla staði og greinilegt að glíman í Svíþjóð er á uppleið. Einnig var haldin glímusýning í Þjóðminjasafni Stokkhólms sem heppnaðist afar vel.

Glímuflokkur Íslands

Í lok júní hélt Glímuflokkur Íslands í sýningarferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Glímuflokkur Íslands er samstarfsverkefni Glímusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Þau sem skipuðu sýningarflokkinn voru; Ólafur Oddur Sigurðsson, Pétur Eypórsson, Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Inga Gerða Pétursdóttir, Snær Seljan Þóroddsson, Pétur Þórir Gunnarsson, Eva Dröfn Ólafsdóttir, Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir, Óttar Ottósson og fulltrúi og fararstjóri frá UMFÍ, Valdimar Gunnarsson. Glímuflokkurinn bauð m.a. upp á frumlegar og vandaðar glímusýningar á danska landsmótinu í bænum Haderslev á Jótlandi og má leiða að því líkum að megnið af þeim u.þ.b. 40. þúsund áhorfendur sem á mótið komu hafi séð sýninguna. Sýningarferðin var í samvinnu við Kultur Fonden og var liður í að kynna glímuna erlendis. Óhætt er að segja að sýningin hafi vakið verðskulduga athygli og frammistaða glímuflokksins einstaklega góð.

Noregsferð

Hin árlega Noregsferð Glímusambandsins var farin til Stavanger þann 7. júní og var flokkurinn þar við sýningar til 12. júní. Sýningarnar tókust mjög vel og verður farið til Stavanger að ári að öllum líkindum. Fararstjóri var Sabína Steinunn Halldórsdóttir en sýningarmennirnir voru Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Sólveig Rós Jóhannsdóttir, Stígur Berg Sophusson og Brynjólfur Örn Rúnarsson en þau stóðu sig öll mjög vel í sýningunum.

Sænska meistaramótið í glímu

Sænska meistaramótið í glímu fór fram 12. ágúst sl. á eyjunni Ölandi. Að því tilefni var Ásgeir Víglundsson sendur til Svíþjóðar að dæma í þessu móti. Sem fór á þá leið að Olaf Johanson varð tvöfaldur sænskur meistari í glímu og opnum flokki í hryggspennutökum. Lars Enoksen varð sænskur meistari í -85. kg. flokki í hryggspennutökum.

Færeyjaferð Úrvalshópsins

Um miðjan ágúst hélt Úrvalshópurinn skipaður 15 glímukrökkum, strákum og stelpum til Færeyja og héldu þar nokkrar glímusýningar við vægast sagt frumlegar aðstæður. Þar sem að allavega á einum stað var glímt á malarvelli. Krakkarnir létu það þó ekki á sig fá, heldur héldu þeim mun öflugri og flottari sýningu sem mæltist mjög vel fyrir hjá heimamönnum og var þeim klappað lof í lófa. Farastjórar þessarar ferðar voru Sigmundur Stefánsson og Óttar Ottósson.

Heimsmeistaramótið í beltafangi sem fram fór í Almaty (Kazakstan)

Dagana 2.-7. nóvember fór fram Heimsmeistaramótið í Belt Wrestling í Almaty (Kazakstan). Glímusambandið tók þátt í mótinu og kepptu fyrir Íslands hönd þeir Jón Birgir Valsson, Jóhannes Pétur Héðinsson og Lárus Kjartansson en þeir tóku allir þátt í freestæl beltatökum og duttu allir út í 16 manna úrslitum. Jón Birgir tók einnig þátt í Kazakuras en það eru fangbrögð heimamanna í Kazakstan. Jón náði þar að komast í 8 manna úrslit en í þeim mætti hann sjálfum sigurvegaranum sem kom frá Kazakstan. Fararstjóri og þjálfari var Skarphéðinn Orri Björnsson fyrrum glímukóngur.

Framundan

Utanríkisnefndin á von á því að erlend samskipti verði áfram með svipuðu móti og verið hefur þar sem reynt verður að stíla inn á verkefni fyrir úrvalshópinn. Ásamt því að taka þátt í evrópumeistaramótinu í keltneskum fangbrögðum sem fara munu fram í León á Spáni í apríl n.k. En fyrst og fremst verður reynt að efla glímuna á erlendum vettvangi, en þó með tilliti til fjárgetu Glímusambandsins til þeirra verkefna.

Jón Birgir Valsson

Lokaskýrsla Útgáfufndar glímusögu

Í Útgáfufnd glímusögu áttu sæti árið 2006:

Jón M. Ívarsson, formaður

Hjálmur Sigurðsson

Stefán Geirsson

